

kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. júlí 1943.

Nr. 16/1943. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélags Árneshrepps** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Djúpuvíkur (Eggert Claessen hrl.).

Deilt um það, hvort 16 ára unglingar eigi að fá kaup sem fullgildir verkamenn.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 18. f. m., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Árneshrepps gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Djúpuvíkur.

Málsatvik eru þau, að í 3. gr. kjarasamnings milli málsaðilja, dags. 30. des. 1942, er m. a. svo um samið, að: „Lágmarkskaup kvenfólks og unglínga 14—16 ára skal vera kr. 1.40 pr. klst.“ En í sömu grein er ákvæðið, að lágmarkskaup fyrir fullgilda verkamenn skuli vera kr. 2.10 fyrir hverja klst. Aðiljar deila um það, hvernig skilja beri ofangreint ákvæði um kaup unglínga „14—16 ára“. Heldur stefnandi því fram, að samkvæmt því megi aðeins greiða unglíngum 14 og 15 ára lægra kaupið, en stefndi litur svo á, að undir þetta ákvæði falli unglíngar 14, 15 og 16 ára. Þar sem samkomulag hefur ekki náðst um ágreining þennan hefur mál þetta verið höfðað, svo sem áður er greint, og gerir stefnandi þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að 3. gr. framannefnds samnings beri að skilja þannig, að lágmarkskaup kvenfólks og unglínga 14 og 15 ára sé kr. 1.40 fyrir hverja klst. í dagvinnu, en að verkamönnum, sem náð hafa 16 ára aldri, beri kr. 2.10 fyrir hverja klst. í dagvinnu. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnanda og skilningi hans

á umdeildu sammingsákvæði og krefst hann viðurkenningar dómsins á því, að umdeilt ákvæði beri að skilja svo, að það nái til 14, 15 og 16 ára unglunga. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, sem upp er komið í málinu var framangreindur samningur, sem gildir um vinnu norður í Árneshreppi í Strandasýslu, saminn og undirritaður hér í Reykjavík af framkvæmdarstjóra alþýðusambandsins og Ólafi H. Jónssyni, framkvæmdarstjóra hér í bæ f. h. H/f Djúpuvíkur. Við sammingsgerðina var ekki rætt sérstaklega um hið umdeilda atriði, en það er nýmæli í samningum aðilja og venja ekki til um þetta efni í viðskiptum þeirra. Þá er það og upp komið í máli þessu, að sá háttur gildi hér í Reykjavík, að unglingar fullra 16 ára fái venjulegt verkamannskaup. Loks liggja og fyrir upplýsingar þess efnis, að bæði á Ísafirði og í Hólmavík séu svipuð sammingsákvæði og það, sem hér er deilt um, framkvæmd á þann hátt, að drengir á aldrinum 14 og 15 ára fái lægra kaupið, en þeir sem eru fullra 16 ára fái venjulegt verkamannskaup.

Með tilliti til nefndra upplýsinga þykir mega fallast á framangreindan skilning stefnanda á sammingsákvæði því, sem um er deilt, og ber því að taka kröfur hans til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 150.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði 3. gr. kjarasamnings, dags. 30. des. 1942, milli aðilja máls þessa, skulu framkvæmd svo, að greiða ber unglungum 14 og 15 ára kr. 1.40 fyrir hverja klst., en þeim, sem náð hafa 16 ára aldri, ber kaup sem fullgildum verkamönnum.

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Djúpuvíkur, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Árneshrepps, kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.